



Byggingarlýsing:
HRINGHELLA 7 HAFNARFIRÐI.
Matshluti 01
Landnúmer: 189373. Staðgreinir:1400-1-43900070
Hönnunarstjóri er Ívar Hauksson, kt. 110383 5339

Húsið verður notað sem verkstæði og geymsla.

Burðarvirki og einangrun:
Húsið er staðsteypt á steyptum undirstöðum, að hluta til á tveimur hæðum. Sökklar eru einangraðir og fyllt í sökkla með burðarhæfu efni. Botnplata er staðsteypt og vélslípuð. Útveggir eru staðsteyptir. Utan á steinveggi kemur 125mm einangrun og áluzinklæðning. Þak er timburþak sem einangrast með steinull. þakvirki er borið uppi af límtrésbitum.
Þak framhúss er steinsteypt, einangrað "viðsnúið" þak. Tvöfalt lag af ásoðnum þakpappa, 250mm Roofmate einangrun og farg á einangrun.

Á efri hæð er gert ráð fyrir geymslu.

Kólnunartölur:
Geymsluhluti /lónaðar og verkstæðishluti skal uppfylla kólnunartölur samkvæmt byggingarreglugerð fyrir hús sem er með hitastig inni 10 til 18 gráður C.
Skrifstofurými skal uppfylla kólnunartölur fyrir hús sem er með hitastig inni 18 gráður C og meira.
Gert er ráð fyrir allt að 10 starfsmönnum.

Húsið er hitað með ofnum og blásurum.
Neysluvatnslagnir eru rör í rör kerfi að hluta og sýnilegar stállagnir að hluta.
Hámarks hitastig neysluvatns er 65°C. Varmaskiptir verður á neysluvatni.
Sand og olíuskilja verður fyrir hluta rýmisins.
Öll lokuð rými verða loftræst vélrænt skv. grein 10.2.5 í byggingarreglugerð.

Kólnunartölur fyrir lónaðar/geymslu/verkstæðishluta:
Þak: 0,3
Útveggur: 0,4
Gluggar: 1.5
Gólf: 0,4

Kólnunartölur fyrir Skrifstofuhluta:
Þak: 0,2
Útveggur: 0,4
Gluggar: 1,5
Hurðir: 2,0
Gólf: 0,3

Litir og áferð utanhúss:
Útveggir eru einangraðir að utan og klæddir með áluzink klæðningu. Þak er í zinkgráum lit.

Lóð: Stærð lóðar er 6866.8m², Kvöð um gróður á lóð sbr. grunnmynd 1.hæðar

Bílastæði:33 bílastæði eru á lóð, 1 stæði pr. 45m² byggingar. Þar af eru 3 stæði fyrir hreyfihamlaða. Fjarlægð frá inngangi að bílastæðum hreyfihamlaðra er innan við 25m.
Tengimöguleiki fyrir rafmagnshleðslu bíla við tvö stæði.

Brúttóflötur húss er 1426.1m²
Brúttórúmmál húss er 8987.4m³

Nýtingarhlutfall: 1426,1/6866,8 = 0,21

BRUNAVARNIR

Eftirfarandi brunahönnun og brunavarnalýsing er uppfærð í apríl 2019 fyrir Hringhellu 7, Hafnarfirði, verk nr. 19-135. Lausnir eru skv. forskriftarákvæðum byggingarreglugerðar nr. 112/2012 og 350/2013. Ekki er um að ræða frekari brunahönnunarskýrslu.

Flokkun og notkun byggingar

Byggingin verður í notkunarflokki 1 skv. byggingarreglugerð. Um er að ræða iðnaðarhúsnæði.

Notkunarskilmálar

Um verður að ræða almennan iðnað, t.d. verkstæði eða sambærilegt ásamt geymsluloftum. Gert er ráð fyrir að hámarksbrunaálag sé 800 MJ/m² og millilloft verði einungis geymsluloft. Ef breyting verður á notkun umfram skilmála þarf að brunahanna það sérstaklega.

Brunahólfun

Byggingin er eitt meginbrunahólf, um 1450 m².
Verkstæði og móttaka eru eitt brunahólf, um 1000 m².
Starfsmannaaðstaða er eitt brunahólf, um 60 m².
Stigahús er sér brunahólf.
Inntaksrými er sér brunahólf.
Sýningarrými er sér brunahólf.
Efri hæð hússins er sér brunahólf, um 300m².

Burðarvirki

Burðarvirki hússins er steinsteypa sem uppfyllir a.m.k. R90.
Þakburðarvirki er límtré sem uppfyllir a.m.k. R60.
Hæðaskil eru a.m.k. REI60.

Klæðningar

Klæðningar verða skv. ÍST EN 13501.
Innanhúsklæðningar eru í flokki 1 og gólfefni í flokki G.
Utanhúsklæðningar eru í flokki 1.
Upphengd loft verða úr A-efnum.
Þakklæðningar eru í flokki B(roof) (t2).

Flóttaleiðir

Hvergi er lengra en 30 m í næsta útgang.
Frá verkstæði eru a.m.k. átta flóttaleiðir beint út.
Frá efri hæð er önnur flóttaleiðin út á svalir.

Brunaviðvörunarkerfi

Viðurkennt númerað brunaviðvörunarkerfi verður í öllu húsinu skv. ÍST EN 54 og reglum Mannvirkjastofnunar. Stjórnstöð og yfirlitsmynd er í stigahúsi. Kerfið verður tengt viðurkenndri vaktstöð.

Reyklosun

Reyklosun frá verkstæði eru um stórar vöruhurðar, hurðar og glugga.
Reykræsing frá stigahúsi er um glugga á efri hæð.

Brunaslöngur og slökkvitæki

Brunaslöngur eru í byggingunni skv. ÍST EN 671 sbr. teikningar. Slökkvitæki skv. ÍST EN 3 skulu m.a. staðsett við brunaslöngur, t.d. 9 L léttvatn og 5 kg kolsýra við rafmagnstöflur og í inntaksrými. Slökkvitækin skulu sett upp af viðurkenndum aðila. Staðsetning brunaslanga og slökkvitækja skal merkt með til þess gerðum skiltum.

Út- og neyðarlýsing

Út- og neyðarlýsing verður sett upp í öllu húsinu skv. byggingarreglugerð, ÍST EN 1838, ÍST EN 50172 og öðrum tengdum stöðlum.
Reikna skal með a.m.k. 5 lux í stigahúsi, 1 lux en 0,5 lux á verkstæði, geymsluloftum og inntaksrými.
Útljós verða sett upp við útganga hússins.

Aðkoma slökkviliðs og slökkvivatn

Aðkoma er góð að byggingunni frá Hringhellu 7. Reiknuð slökkvivatnsþörf skv. leiðbeiningum Mannvirkjastofnunar er um 1700 l/mín.

Samþykkt þann
15. maí 2019
Byggingafulltrúinn í Hafnarfirði

ÚTGÁFUFERILL

NÚMER:	DAGS.	SKÝRINGAR:	UNNIÐ:
B	05.03.2019	BREYTING Á AÐKOMU	H.Á.
C	20.04.2019	ST/ÆKKAÐ HÚS	H.Á.
DAGS.		SAMRÆM.HÖNNUÐUR	

14.05.2019 SLÖKKVILIÐ HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

HEILBRIGÐISEFTIRLIT HAFNARFJARÐAR-GARÐABÆJAR OG KÓPAVOGSSVÆÐIS 15/5 2019

1:50
2500 0 2500mm

V.H.Á. Verkfræðistofa
Suðurlandsbraut 46
108 REYKJAVÍK
SÍMI: 534 8815 / 897 8132
NETFANG: haukur@vha.is
kt: 560600-3050
HEIMASÍÐA: www.vha.is

HEITI VERKS:
HRINGHELLA 7
HAFNARFIRÐI

HEITI TEIKNINGAR:
GRUNNMYND MILLILOFTS
AFSTÖÐUMYND

MKV:	DAGS.	VERK NR.	
1:100 1:500	JAN 19	18-052	
TEIKNAÐ.		SAMÞYKKT	NR. TEIKNINGAR
H.Á.	H.Á.	H.Á.	
DAGS.undirskr.	NAFN HÖNNUÐAR		2
29.04.'19	Ívar Hauksson kt: 110383-5339		
UNDIRSKR.HÖNNUÐAR			ÚTGÁFA
			C

C:\Users\Eiendur\Documents\2019\HE1 Spjöl\Hringhella 7\24 04 2019\Hringhella 7 aðalteikningar staðall hús (1).dwg